

## Álit vinnuhóps um staðgöngumæðrun

### Skipun og verkefni:

Hinn 28. janúar 2009 skipaði þáv. heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson vinnuhóp "til að skoða siðfræðileg, lögfræðileg og læknisfræðileg álitaefni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun hér á landi." Í vinnuhópnum voru skipuð Guðríður Þorsteinsdóttir sviðsstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, formaður, Kristján Oddsson þáv. aðstoðarlandlæknir og Ástríður Stefánsdóttir dósent við Háskóla Íslands. Kristján sagði sig úr hópnum og tók Arnar Hauksson Dr.Med. klínískur dósent sæti hans í mars 2010.

### Vinna hópsins:

Vinnuhópurinn hefur haldið samtals 13 fundi þar sem málið verið rætt ítarlega. Þá aflaði hópurinn ýmissa gagna og upplýsinga um staðgöngumæðrun, m.a. um læknisfræðilegar ábendingar, hvar staðgöngumæðrun sé leyfð og með hvaða skilyrðum. Loks hefur hópurinn leitast við að greina helstu siðferðileg álitamál tengd staðgöngumæðrun og leitað eftir sjónarmiðum aðila sem hafa hagsmuna að gæta og aðila sem hafa reynslu og þekkingu á þessu sviði.

### Áfangaskýrsla:

Vinnuhópurinn tók saman áfangaskýrslu um staðgöngumæðrun, sem skilað var til ráðherra 5. febrúar sl. Þar var gerð grein fyrir læknisfræðilegum og siðfræðilegum álitaefnum varðandi staðgöngumæðrun og lagalegri stöðu hér á landi. Einnig var í skýrslunni yfirlit um lagalega stöðu í öðrum löndum. Frá upphafi var lögð áhersla á nauðsyn almennrar umræðu áður en afstaða yrði tekin til þess hvort heimila ætti staðgöngumæðrun og var fyrrgreindri áfangaskýrslu ætlað að vera grundvöllur upplýstrar umræðu.

### Opinn fundur:

Boðað var til opins fundar um staðgöngumæðrun hinn 26. mars sl. þar sem áfangaskýrslan var kynnt og fimm framsögumenn með mismunandi bakgrunn og sjónarmið fjölluðu um hvort tímabært væri að heimila staðgöngumæðrun og þá með hvaða takmörkunum. Að því loknu fóru fram pallborðsumræður með framsögumönnum og loks almennar umræður. Sjá hjálagða dagskrá. Eins og vænta mátti voru skoðanir framsögumanna og fundargesta skiptar varðandi það hvort rétt væri að

leyfa staðgöngumæðrun. Sumir lögðust alfarið gegn því yfirleitt, aðrir vildu leyfa staðgöngumæðrun með mjög ströngum skilyrðum eftir víðtækt samráðsferli og almenna sátt, enn aðrir töldu að tímabært væri að leyfa staðgöngumæðrun.

#### Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands:

Siðfræðiráð Læknafélags Íslands hefur fjallað um staðgöngumæður í álitinu sínu frá hausti 2009. Í niðurlagi álitsins segir m.a.:

“Í þessari samantekt hefur einkum verið litið til þeirra einstaklinga sem mál þetta varðar í fjölskyldunum sem að þessu koma. Eftir að hafa skoðað ýmis gögn um þetta málefni, opinberar úttektir og rannsóknir getur Siðfræðiráð Læknafélags Íslands ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði í lög leidd á Íslandi. Eins og fram hefur komið eru ýmsir sem málið varðar í viðkvæmri stöðu og á það sérstaklega við um staðgöngumóðurina sjálfa en einnig systkini og hugsanlega feður. Þrátt fyrir að þetta fyrirkomulag hafi viðgengist um nokkurt skeið skortir rannsóknir og í síðasta lagi má nefna efnahagslegar forsendur sem skipta máli svo sem fram hefur komið.”

#### Álit vinnuhópsins:

Helstu rök fyrir að leyfa staðgöngumæðrun eru þau að hún geti verið farsæl lausn á vanda pars (eða einstaklings) sem á við ófrjósemisvanda að stríða. Helstu rök gegn staðgöngumæðrun eru að hætta sé á að litið sé á staðgöngumóðurina sem hýsil utan um barn (konan “smættuð í æxlunarfæri”). Almenn samstaða virðist vera um að ekki eigi að heimila staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. Reynsla annarra þjóða svo sem Bretla hefur sýnt að erfitt er að koma í veg fyrir slíkt og þannig skapist möguleiki á að kúga konur til að selja afnot af líkama sínum með nýjum hætti. Misnotkun hinna vel stæðu á þeim sem búa við fátækt. Einnig sé hætta á því að farið verði að líta á börn sem söluvöru.

Vinnuhópurinn telur að áður en staðgöngumæðrun verði leyfð hér á landi þurfi að ná almennri samfélagslegri sátt um málið og um þann ramma sem settur verði um staðgöngumæðrun. Á þessu stigi sé ekki hægt að segja að slík sátt hafi náðst hvað sem síðar verður.

Þá bendir vinnuhópurinn á að áður en staðgöngumæðrun verði leyfð þurfi að setja skýran lagaramma. Gæta þurfi jafnræðis varðandi það hverjir fái að nota þjónustuna, tryggja þurfi hagsmuna allra aðila og kveða skýrt á um réttindi þeirra og skyldur. Taka þurfi afstöðu til fjölda atriða, svo sem:

- Hvernigvelferð staðgöngumóður og fjölskyldu hennar verði tryggð

- Hvernig á að afmarka þann hóp sem heimilt verður að eignast barn með staðgöngumæðrun (aðeins konur án legs, allar konur sem stríða við ófrjósemi, einhleypa karla, samkynhneigða karla? )
- Á að gera kröfu um að bæði staðgöngumóðir og verðandi foreldrar séu búsett hér á landi?
- Hvernig á að koma í veg fyrir staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni?
- Hvernig á að tryggja réttindi barna, t.d. til að vita uppruna sinn?
- Hvað ef staðgöngumóðir eða verðandi foreldrar skipta um skoðun?
- Hver á að bera kostnað af staðgöngumæðrun

#### Niðurstaða:

Með vísan til framangreinds telur vinnuhópurinn ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun að svo stöddu. Undirbúningur löggjafar á þessu sviði og síðar framkvæmd hennar mundi óhjákvæmilega fela í sér talsverðan kostnað. Við þær erfiðu efnahagsaðstæður sem nú ríkja hlýtur að verða að leggja megináherslu á að verja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Ef taka eigi upp nýja þjónustu sé það gert að vandlega athuguðu máli og þannig að tryggt sé að hagsmuna allra aðila sé gætt. Vinnuhópurinn hvetur til frekari umræðu um staðgöngumæðrun og leggur áherslu á nauðsyn þess að almenn sátt ríki um málið. Jafnframt telur hópurinn rétt að við fylgjumst með þróun þessara mála annars staðar á Norðurlöndum og aðæskilegt sé að við eigum samleið með þeim um hvort, hvenær og með hvaða takmörkunum staðgöngumæðrun verður leyfð hér á landi.

Reykjavík, 7. júní 2010

Guðríður Þorsteinsdóttir

Ástríður Stefánsdóttir

Arnar Hauksson